

AFKOMA FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2015

HELSTU NIÐURSTÖÐUR 1F 2015

- Hagnaður bankans eftir skatta var 5,4 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2015 samanborið við 8,3 ma. kr. á sama tímabili 2014 en þá voru tekjur af einkisliðum umfangsmeiri.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 11,8% á fjórðungnum samanborið við 19,3% á sama tímabili 2014.
- Eiginfjárlutfallið er sterkt, var 28,4% (2014: 29,6%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 25,7% (2014: 26,5%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 6,2 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2015 (1F14 6,6 ma. kr.), sem er lækkun um 6,8%. Vaxtamunur var 2,7% á fjórðungnum (1F14: 3,0%).
- Hreinar þóknatekjur voru 2,9 ma. kr. (1F14: 2,9 ma. kr.).
- Stjórnunarkostnaður lækkaði um 1,5% eða raunlækkun um 2,6%. Kostnaðarlutfall var 55,3% á fjórðungnum (1F14: 55,1%). Bankaskattur og einkisliðakostnaður er undanskilinn við útreikning kostnaðarlutfalls.
- Vogunarhlutfall var 19,7% við lok tímabilsins, sem telst hóflegt í alþjóðlegum samanburði.
- Hlutfall lána með varúðarafskrift og lána með vanskil umfram 90 daga var 3,0% (2014: 3,5%).
- Heildareignir voru 926 ma. kr. (2014: 911 ma. kr.).

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:


Við erum ánægð með afkomu bankans á fyrsta ársfjórðungi sem var umfram væntingar okkar. Kostnaður heldur áfram að lækka enda mikilvægt að styrkja enn frekar arðsemi af reglulegri starfsemi. Góður árangur í rekstri bankans hefur skilað því að lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings mat bankann, fyrstan hér á landi frá árinu 2008, í fjárfestingarflokk með stöðugum horfum. Sú niðurstaða er til þess fallin að skila bankanum hagstæðari kjörum í komandi skuldabréfaútgáfum bankans.

Íslensk fyrirtæki eru nú í auknum mæli að nýta sér áhættustýringarvörur til að lágmarka rekstraráhættu og skapa sér fyrirsjáanlegt fjárhagslegt umhverfi. Þetta sýnir sig í auknum vexti í sölu áhættustýringarvara hjá Mörkuðum, sem er enn eitt batamerkið á fjármáلامarkaðinum.


Aukning í nýjum húsnæðislánnum var tæp 60% á fjórðungnum miðað við sama tímabil í fyrra. Við sjáum vaxandi eftirspurn eftir fyrstu kaupálanum hjá viðskiptavinum sem eru að festa kaup á sinni fyrstu íbúð.

Þjónusta í útibúum hefur breyst nokkuð síðustu ár en viðskiptavinir leita í auknum mæli eftir ráðgjöf en framkvæma einfaldari færslur með öðrum dreifileiðum, svo sem netbanka og appi. Nýtt útibú sem opnað var í vikunni mætir þessum breyttu áherslum en þar voru útibúin í Lækjargötu og Eiðistorgi sameinuð í eitt útibú á Granda. Það er einnig í samræmi við áætlanir bankans um hagræðingu um leið og áhersla er lögð á að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu sem tekur mið að þörfum þeirra.


HAGNAÐUR EFTIR SKATTA
m.kr.



ARÐSEMI EIGIN FJÁR
%



VAXTAMUNUR
%



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Fjárfestatengill – Guðbjörg Birna Björnsdóttir, ir@islandsbanki.is og í síma: 440 4752


Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herbetsdóttir, pr@islandsbanki.is og í síma: 440 3678

Rekstrarreikningur í milljónum króna					
	1F15	1F14	Δ	4F14	Δ 14
Hreinar vaxtatekjur	6.191	6.646	(455)	6.469	177
Hreinar þóknatekjur	2.905	2.854	51	2.962	(108)
Hreinar fjármunatekjur	1.764	863	901	603	260
Hreinn gengismunur	(140)	(291)	151	116	(407)
Aðrar rekstrartekjur	289	1.113	(824)	509	604
Rekstrartekjur	11.009	11.185	(176)	10.659	526
Stjórnunarkostnaður	(5.823)	(5.909)	86	(6.411)	502
Iðgjald í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(269)	(258)	(11)	(265)	7
Bankaskattur	(618)	(592)	(26)	(565)	(27)
Rekstrarkostnaður	(6.710)	(6.759)	49	(7.241)	482
Hagnaður fyrir virðisrýrnun og virðisbreytingu útlána	4.299	4.426	(127)	3.418	1.008
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	2.331	1.520	811	3.006	(1.486)
Hagnaður fyrir skatta	6.630	5.946	684	6.424	(478)
Tekjuskattur	(1.396)	(1.394)	(2)	(1.434)	40
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	5.234	4.552	682	4.990	(438)
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	162	3.744	(3.582)	(430)	4.174
Hagnaður tímabilsins	5.396	8.296	(2.900)	4.560	3.736


Rekstrarreikningur

- 83% af rekstrartekjum bankans er í formi vaxta- og þóknatekna, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og það markmið að skapa stöðugt sjóðstreymi til langs tíma.
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall hreinna vaxtatekna af meðalstöðu heildareigna var 2,7% samanborið við 3,0% á sama tíma 2014.
- Verðtryggingarjöfnuður var 46 ma. kr. við lok fyrsta ársfjórðungs 2015 (2014: 58 ma. kr.). Honum er stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og bundnum verðtryggðum innlánunum.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 941 á fyrsta ársfjórðungi, sem er fækkun um 40 starfsmenn frá sama tíma 2014.
- Virðisrýrnun útlána var 0,9 ma. kr. og matsbreyting útlána var jákvæð um 3,2 ma. kr.


HREINAR VAXTATEKJUR
m.kr.



HREINAR ÞÓKNATEKJUR
m.kr.



STJÓRNUNARKOSTNAÐUR
m.kr.



Eignir (m. kr.)	31.03.2015	31.12.2014	Δ
Sjóður og innstæður hjá Sí	98.274	103.389	(5.115)
Afleiðusamningar	1.843	1.810	33
Skuldabréf og skuldageringar	91.201	87.347	3.854
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	11.900	10.531	1.369
Útlán til lánastofnana	40.688	35.072	5.616
Útlán til viðskiptavina	637.877	634.799	3.078
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	607	570	37
Rekstrarfjármunir	7.521	7.402	119
Óefnislegar eignir	655	619	36
Skattaeign	270	521	(251)
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	21.203	21.649	(446)
Aðrar eignir	14.350	7.619	6.731
Eignir	926.389	911.328	15.061

Eignir


- Ný útlán námu 31 ma. kr. og lán til viðskiptavina jukust um 3,1 ma. kr. þrátt fyrir umtalsverðar endurgreiðslur.
- Lán til fyrirtækja jukust um 2% en lán til einstaklinga lækkuðu, einkum vegna skuldalækkunaraðgerða ríkisstjórnarinnar.
- Fasteignir eru nú sem áður mikilvægustu útlántryggingar bankans. Vegið meðaltal láns hlutfalls húsnæðislána var 72,4% í lok mars 2015.
- Veðsettar eignir bankans voru 10,6% af heildareignum við lok fjórðungsins.
- 214 ma. kr. lausafé bankans er umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.

Skuldir og eigið fé	31.03.2015	31.12.2014	Δ
Afleiðusamningar og skortstöður	7.203	3.963	3.240
Innlán Sí og lánastofnana	24.437	25.796	(1.359)
Innlán viðskiptavina	520.740	529.447	(8.707)
Lántaka	100.602	96.889	3.713
Víkjandi lán	20.336	21.306	(970)
Aðrar skuldir	71.441	48.440	23.001
Eigið fé	181.630	185.487	(3.857)
Skuldir og eigið fé	926.389	911.328	15.061


Skuldir og eigið fé

- Innlán eru áfram stærsti fjármögnunarliður bankans.
- Hlutfall innlána á móti útlánnum var 80,3% (2014: 82,9%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum til viðskiptavina var 81,6% (2014: 83,4%).
- Þrátt fyrir hagnað á tímabilinu lækkar eigið fé bankans um 2,1% og hefur 9 ma. kr. arðgreiðsla þar mest áhrif, en sú greiðsla var samþykkt á aðalfundi bankans í mars og nam tæplega 40% af hagnaði ársins 2014

SKIPTING REKSTRARTEKNA
%



EIGINFJÁRHUTFÖLL
%



KOSTNAÐARHLUTFALL
% (án bankaskatts og einskiptiskostnaðar)

